

30.4. 2014

## **Nýr regluvörður hjá Reginn hf.**

Samfara auknum umsvifum hjá Reginn hefur verið ákveðið að Katrín B. Sverrisdóttir hætti sem regluvörður hjá Reginn hf. Katrín sem einnig er framkvæmdastjóri félaganna Reginn atvinnuhúsnæði ehf., Knatthöllin ehf. og Kvikmyndahöllin ehf. mun eftir sem áður stýra þessum dótturfélögum Regins.

Við starfi regluvarðar Regins tekur Jófríður Ósk Hilmarsdóttir. Jófríður mun jafnframt verða fjárfestatengill félagsins.

Jófríður er með B.sc. gráðu í viðskiptafræði og með löggildingu í verðbréfamíðlun. Jófríður starfaði sem sérfræðingur í regluvörslu Arion banka hf. frá 2009-2014. Hún starfaði einnig hjá Spron og Spron verðbréfum frá 2005-2009 meðal annars sem sérfræðingur í eignastýringu.

## **Nánari upplýsingar veitir:**

Helgi S. Gunnarsson

Forstjóri Regins hf.

S: 512 8900 / 899 6262